

Fundargerð stjórnar Skólaskrifstofu Austurlands b/s 60. stjórnarfundur.

Stjórnarfundur í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands haldinn 27. september 2006 í Hermes á Reyðarfirði.

Hófst fundurinn samkv. fundarboði kl 16:30.

Mætt eru:

Jósef Friðriksson, Gunnlaugur Sverrisson, Jón H. Guðmundsson,
Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður og Edda Egilsdóttir.

Dagskrá:

1. Undirbúningur aðalfundar.
2. Önnur mál.

Gerðir fundarins:

1. Undirbúningur aðalfundar.

Jósef setti fundinn og bauð aðra fundarmenn hjartanlega velkomna.

Í máli Jósefs kom fram að fyrirbyggjandi drög að fjárhagsáætlun 2007 gera ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna til Skólaskrifstofunnar hækki um 5% milli ára. Framlög sveitarfélaga til Skólaskrifstofunnar er síðan skipt milli þeirra í hlutfalli við fjölda grunnskólanemenda í sveitarfélögum.

Fram kom í umræðum að sveitarfélögin hafi af því mikla hagsmuni að nemendur og aðrir íbúar skili sér í lögheimilisskráningu í viðkomandi sveitarfélag en sitji ekki lengi á utangarðsskrá.

Nokkrar umræður urðu um þau drög að fjárhagsáætlun sem fyrir liggja og samþykkti stjórnin þau sem tillögu sína til aðalfundar samlagsins.

2. Önnur mál

Sigurbjörn greindi frá því að auglýst hefur verið eftir sálfræðingi til stofnunarinnar.

Ekki hefur verið gengið frá ráðningu.

Rætt var um hátt hlutfall framhaldsskólanemenda af Austurlandi sem leita í nám út fyrir fjórðunginn. Skólastjórar grunnskóla og skólameistarar framhaldsskóla á Austurlandi hafa átt með sér fund um samstarf til að bæta samstarf þessara skólastiga, þar sem meðal annars er til skoðunar hvernig hægt er að efla framhaldsnám á svæðinu.

Rætt um aðkallandi þörf fyrir frekari talmeinaþjónustu á svæðinu. Á annað hundrað barna þurfa þjálfun talmeinafræðings í dag, en Skólaskrifstofan annar þörf fyrir greiningu með viðunandi hætti.

Í fundarlok þakkaði formaður stjórnar fundarmönnum ánægjulegt samstarf á starfsárinu sem og þeir honum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:45.

Jón H. Guðmundsson (sign)

Jósef A. Friðriksson (sign)

Gunnlaugur Sverrisson (sign)

Edda E. Egilsdóttir (sign)

Sigurbjörn Marinósson (sign)